# Íslenska 1. bekkur

Kennarar: Brynhildur Svala Snorradóttir; Guðfinna Dröfn Aradóttir 

## Skólaárið

Skólaárið 2024 - 2025

## Helstu námsþættir vetrarins

Aðaláhersla á haustönn er á lestrarkennslu. Lagðir eru inn tveir til þrír bókstafir á viku samhliða lestri og skrift. Í kennslustundum er unnið með hljóðkerfisvitund. Á vorönn er aukin áhersla á lestur, lesskilning, skrift og ritun. Leitast er við að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir, s.s. beina kennslu/innlögn, námsleiki, para/hópavinnu, framsögn, umræður, verklegar æfingar, útikennslu o.fl. Kennt er samkvæmt kennsluaðferðinni *Vörður og vegvísir.* Í uppafi hverrar viku er innlögn þar sem farið er yfir viðfangsefni og markmið vikunnar t.d. stafi og hljóð. Kennari og nemendur safna efni á námsvegg sem nemendur geta svo nýtt í vinnu sinni. Í framhaldi eru fjórir hringekjutímar þar sem unnið er með ólíka þætti viðfangsefnis.

## Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Haustönn

Stafainnlögn, lestur, skrift, markviss málörvun, ritun, grunnþættir í málfræði, talað mál og hlustað.

Vorönn

Lestur og bómenntir, skrift, markviss málörvun, ritun, grunnþættir í málfræði, talað mál og hlustað.

## Námsaðlögun

Námið er aðlagað að hverjum og einum nemanda. Lögð er áhersla á að vinna að sambærilegum markmiðum á ólíkan hátt þar sem allir nemendur fá verkefni við hæfi.

## Námsmat

Í kennslustundum fer fram leiðsagnarmat/símat kennara. Að hausti er könnuð stafaþekking/lestarþekking nemenda. Í *Talað og hlustað* er jafningjamat í lok hvers tíma (þrjár stjörnur og ein ósk). Í október er lögð fyrir lesskimunin "Leið til læsis". Fjórum sinnum á skólaárinu eru lögð fyrir lesfimipróf Menntamálastofnunar.

## Námsgögn

Lestrarbækur frá ***Vörður og vegvísir***. Lestrarbækur af leslista skólans. Lestrarlandið og ýmsar sögubækur. Markviss málörvun. Verkefni og amboð af vef www.123skoli.is. Ítalíuskrift 1a og 1b.

AS Íslenska 1. bekkur 2019 - 2025

- **Hæfnieinkunn (umsögn)**

AS Íslenska 1. bekkur 2019 - 2025 - Talað mál og hlustað

- sagt frá atburðum og/eða upplifunum fyrir framan hóp og nýtt sér gildi góðrar framsagnar
- hlustað og horft með athygli á upplestur

AS Íslenska 1. bekkur 2019 - 2025 - Lestur og bókmenntir

- þekki stafi og hljóð íslenska stafrófsins og geti lesið léttan texta
- geti valið sér bækur við hæfi til yndislestrar
- geti nýtt góðan orðaforða við að skilja texta

AS Íslenska 1. bekkur 2019 - 2025 - Ritun

- dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega
- búið til málsgreinar og skrifað einfaldan texta
- beitt aldurssamsvarandi stafsetningarreglum við ritun og gerð texta
- gert sér grein fyrir uppbyggingu sögu og nýtt sér þá þekkingu í ritun